

Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/437
komudagur 11.12.2008

Alþingi
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2008
Tilvísun: 200812-0013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.3/2006, um ársreikninga.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.

Þær breytingar sem hafa átt sér stað í íslensku efnahagslífi og þá sérstaklega á gengi íslensku krónunnar eru utan við allt sem búast mátti við. Þó að það sé ekki góð stjórnsýsla að gera afturvirkar breytingar á lögum þá verður að skoða frumvarpið í ljósi þeirra mjög svo óvenjulegu aðstæðna sem nú eru uppi í efnahagslífinu.

Samkvæmt 1.gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að félög geti fyrir 15. desember sótt um heimild til ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendri mynt. Í ljósi þess hve stutt er til 15. desember er nauðsynlegt að gefa rýmri frest.

ASÍ mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 136/409
komudagur 11.12.2008

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember, 2008

Efni: Umsögn FÍŠ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtar efnahags- og skattanefndar Alþingis dagsett 10. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar FÍŠ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga (starfrækslugjaldmiðill).

FÍŠ telur að umrætt frumvarp sé til mikilla bóta. FÍŠ telur einnig að ganga megi lengra í þessum efnunum varðandi tilslökun á reglum um starfrækslugjaldmiðil.

II. Skilyrði 8. gr.

FÍŠ vill góðfúslega benda á að um tíma hafa skilyrði 8. gr. ársreikningalaga verið ákveðnum félögum óeðlilegur fjötur um fót. Er hér um að ræða félög sem eiga mikið í félögum sem hafa heimild til að semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli. Hingað til hafa hlutir í slíkum félögum ekki talist erlend eign og því hafa eignarhaldsfélögin oft á tíðum ekki getað samið ársreikninga sína í erlendum gjaldeyri þrátt fyrir að eignarandlagið geti það.

Til að rétta þá skekkju sem þetta hefur skapað leggur FÍŠ til að eftirfarandi breyting verði gerð á frumvarpinu:

„Við 8. gr. laganna bætist ný mgr.:

Eignarhiutar í íslenskum félögum sem hafa heimild til að semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli má telja sem erlenda eign.“¹

FÍŠ telur að með þessari eðlilegu breytingu megi koma fjölda félaga til bjargar á þessum erfiðu tímum.

¹ Breytingartillaga FÍŠ í rauðu letri.



– fyrir íslenska verslun

III. Annað

Að lokum áskilur FÍŚ sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.
Lögfræðingur Félags Íslenskra Stórkaupmanna
Netfang: pall@fis.is

Alþingi
Erindi nr. P 136/435
komudagur 11.12.2008

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 með síðari breytingum.

Verði frumvarpið samþykkt á Alþingi geta félög sótt um heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli annars vegar vegna reikningsárs sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar á því ári og hins vegar vegna reikningsársins sem hefst 1. janúar 2009, að uppfylltum skilyrðum 8. gr. laganna og reglugerðar nr. 101/2007. Gert er ráð fyrir að frestur til að sækja um heimildina renni út þann 15. desember 2008.

Félag löggiltra endurskoðenda vill koma því á framfæri að brýnt er að breytingar verði gerðar á 8. gr. laganna og reglugerð nr. 101/2007 varðandi skilyrðin fyrir því að félög færi bókhald sitt og semji ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda hefur fjallað töluvert um þetta mál en vegna þess skamma tíma sem gefinn var í umsögn um frumvarpið gefst ekki tími til formlegs álits frá Félagi löggiltra endurskoðenda um greinina.

Félag löggiltra endurskoðenda telur að sá frestur sem gefinn er, samkvæmt frumvarpinu, til að sækja um heimildina sé of skammtur. Veita þurfi frest a.m.k. til ársloka 2008. Ársreikningaskrá krefst ítarlegs rökstuðnings með umsóknum og ljóst er að ekki vinnst tími fyrir félög til að senda ársreikningaskrá ítarlegan rökstuðning á örfáum dögum.

Reykjavík, 11. desember 2008

F.h. Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda
Jóhann Unnsteinsson

Minnisblað

Efni: Tillaga SA, SF og LÍÚ vegna frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.

Til: Efnahags- og skattanefndar

Frá: Tekju- og lagaskrifstofu Fjármálaráðuneytis

Við er til umsagnar SF, LÍÚ og SA, dags. 11. desember 2008, vegna frumvarps til laga um breyting á lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Fallist er á að breyta þurfi dagsetningunni 15. desember 2008, í t.d. 30. desember 2008.

Í umsögninni er lögð til breyting á 3. tölul. 8. gr. laga um ársreikninga undir þeim formerkjum að “skilyrðum sem uppfylla þarf verði rýmkuð”. Á fundi efnahags- og skattanefndar, 12. desember, var tillagan rökstudd á þá leið að með henni væri verið að færa löginn nær alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Að mati ráðuneytisins ber að líta á frumvarpið sem útfærslu á 8. tölulið í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2. desember 2008, um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja. Það bráðabirgðaákvæði sem lagt er til í frumvarpinu er almennt og með því er verið að færa til dagsetningu umsóknarfrests. Ekki er því um efnislegar breytingar að ræða í frumvarpinu hvað varðar þau skilyrði sem uppfylla þarf samkvæmt lögum um ársreikninga. Breyting á þeim skilyrðum er flókin og þarf að vanda vel til slíkrar vinnu, sérstaklega þar sem hér er verið að tala um afturvirka breytingu (út frá jafnræðissjónarmiðum o.s.frv.). Til vinnslu hefur, um nokkurn tíma, verið annað frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga þar sem m.a. er verið að endurskoða 8. gr. laganna út frá nýjustu breytingum í Alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Það frumvarp er komið í gegnum ríkisstjórn og þingflokka og verður lagt fram á Alþingi á næstu dögum. Eðlilegt er því að tillaga SF, LÍÚ og SA verði tekin til skoðunar í tengslum við það frumvarp, fremur en það sem hér er til meðferðar. Til viðbótar ber þess að geta að ráðuneytið, og ársreikningaskrá RSK, telur að í framkvæmd sé litið svo á að við skilgreiningu á hver sé starfrækslugjaldmiðill tiltekins félags þá séu efnisatriði laga um ársreikninga, og regulgerðar nr. 101/2007, efnislega samhljóða þeim Alþjóðlegu reikningsskilastöðlum sem um það fjalla. Með vísan til þessa telur ráðuneytið ekki þörf á því að taka inn þá breytingu sem SF, LÍÚ og SA leggja til (varðandi 3. tölul. 8. gr.) en eðlilegt að sú tillaga verði skoðuð nánar þegar áður nefnt frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, sem eftir á að leggja fram á Alþingi, verður tekið til meðferðar í efnahags- og skattanefnd.

11.11.2008

Alþingi
Erindi nr. P 136/433
komudagur 11.12.2008

Frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006"

Fyrirspurn til Efnahags- og skattanefndar:

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr.3/2006 (þingskjal 285) er lagt til að frestur til að sækja um heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli vegna reikningsáranna 2008 og 2009 verði framlengdur til 15. desember. Í ljósi þess að löggin hafa ekki verið samþykkt og að einungis fáir dagar eru til stefnu þar til fresturinn rennur út, er þess vinsamlegast farið á leit að nefndin beiti sér fyrir því að fresturinn verði lengdur, t.d. til ársloka.

Virðingarfyllst,

Eggert Benedikt Guðmundsson
Forstjóri HB Granda hf.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 136/456
komudagur 12.12.2008

Reykjavík, 12.12.2008
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, mál 212

Vísað er til tölvupósts efnahags- og skattanefndar Alþingis frá 10. desember sl. þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum, 212. mál.

Kauphöllin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.,
Magnús Kristinn Ásgeirsson.



Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 136/414
komudagur 11.12.2008

11.12. 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum, 212. mál.


Samkvæmt frumvarpinu geta félög sótt um heimild ársreikningaskrár fyrir 15. desember 2008 til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli annars vegar vegna reikningsárs sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar á því ári og hins vegar vegna reikningsársins sem hefst 1. janúar 2009. Forsenda heimildarinnar er að skilyrði 8.gr. laganna og reglugerðar 101/2007 séu uppfyllt.


Samtökin fagna framlagningu þessa frumvarps enda hafa þau hvatt til þess að umrædd heimild verði veitt. Samtökin leggja þó áherslu á að skilyrðum sem uppfylla þarf verði rýmkuð og að tímafrestur verði lengdur.


1. Í gildandi lögum er 3. tl. 8 gr. svohljóðandi: „Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.“
Lagt er til að í stað þess orðist hún svo:
„Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en verulegur hluta tekna er í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðill hefur afgerandi áhrif á söluverð vöru eða þjónustu, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.“
2. Breyta þarf dagsetningunni 15. desember í 31. desember í ljósi þess skamma tíma sem er til stefnu.

Breyting 8. gr. samkvæmt ofangreindu er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Virðingarfyllst,


Friðrik J. Arngrímsson,
framkvæmdastjóri LIÚ


Arnar Sigurmundsson,
formaður SF


Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri SA

PricewaterhouseCoopers hf
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík

www.pwc.com/is
Sími +354 550-5300
Myndsími +354 550-5301

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

Efni: Umsögn um þskj. 285 – 212. mál

Reykjavík, 11. desember 2008

PricewaterhouseCoopers hf gerir athugasemd við tímamörkin sem tilgreind eru í frumvarpinu. Í því er félögum veitt heimild til 15. desember 2008 til að sækja um að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli fyrir reikningsárið sem hefst 1. janúar 2008 og hins vegar vegna reikningsársins sem hefst 1. janúar 2009.

Að mati PricewaterhouseCoopers hf eru þessi tímamörk of knöpp. Félög þurfa að leggja fram rökstuðning um að starfsemi þeirra uppfylli skilyrði 8 gr. laga nr. 3 frá 2006 og getur vinna og öflun gagna vegna þess rökstuðnings tekið einhvern tíma.

PricewaterhouseCoopers hf



Kristinn Kristinsson
endurskoðandi



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 136/513
komudagur 16.12.2008

	Dagsetning	Tilvísun
Efnahags- og skattanefnd Alþingis Alþingi v/Austurvöll 150 Reykjavík	12. desember 2008	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis nefndarinnar, dags. 10. desember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum, 212. mál. Frumvarpið felur í sér að ársreikningaskrá er annars vegar heimilað þrátt fyrir 9. gr. ársreikningalaga að samþykkja umsóknir félaga um að færa bókhald og semja ársreikning sinn fyrir reikningsárið 2008 og 2009 í erlendum gjaldmiðli.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur ekki athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

Erinn Arason

Árnór Örn

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. desember 2008 02-2008120302
T-ums 35/08

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/415
komudagur 11.12.2008


Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga - 212. mál - færsla bókhalds í erlendri mynt.


Ríkisskattstjóri hefur í dag mótttekið tölvupóst frá nefndasviði Alþingis þar sem embættinu er veittur kostur á að gera athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum - 212. mál, þskj. 285.


Í frumvarpinu er mælt fyrir um að félög geti sótt um heimild til ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli annars vegar fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar og hins vegar vegna reikningsársins sem hefst 1. janúar 2009. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að frumvarpið sé lagt fram vegna ástandsins í efnahagslífmu og þeirra breytinga sem orðið hafa á gengi íslensku krónunnar á árinu 2008.

Frumvarpið er hluti af aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir fyrirtæki landsins og telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess enda um pólitíska ákvörðun að ræða.

Virðingarfyllst


Skúli Eggertsson


Guðrún J. Jónsdóttir



SAMORKA
Samtök orku- og veltufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 136/439
komudagur 11.12.2008

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11. desember 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum, 212. mál.

Samorka vísar í umsögn Samtaka atvinnulífsins um umrætt þingmál, dagsetta 11.12.2008, en samtökin taka heils hugar undir sjónarmið SA.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P/136/521
komudagur 16. P/136/521

Reykjavík, 16. desember 2008

Alþingi,
Efnahags- og skattanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum, 212. mál.

Ríkisstjórnin birti nýlega yfirlýsingu um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja „til að bregðast við þeim þrengingum, sem þjóðin gengur nú í gegnum“ eins og segir í yfirlýsingunni.

Er um að ræða „tillögur sem hafa það að markmiði að mæta vanda fyrirtækjanna“ svo aftur sé vitnað í yfirlýsinguna.

8. liður aðgerðaáætlunarinnar fjallar um heimild fyrirtækja til að gera ársreikninga upp í erlendri mynt, sem gilda eigi afturvirktil til 1. janúar 2008 með breytingu á lögum um ársreikninga.


Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) fagna framlagningu frumvarps um þetta efni, sem nú er í meðförum Alþingis og hvetja eindregið til að það verði að lögum.


Til þess að tryggja að þessi aðgerð nái tilgangi sínum og verði það tæki fyrir atvinnulífið, sem ríkisstjórnin hlýtur að ætlast til og mjög brýn þörf er á, leggur SAF mikla áherslu á að skilyrði, sem uppfylla þarf til að fá fyrrgreinda heimild verði rýmkuð og að 3. tl. 8. gr. laga um ársreikninga hljóði svo:

„Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en verulegur hluti tekna er í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum eða erlendur gjaldmiðill hefur afgerandi áhrif á söluverð vöru eða þjónustu, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.“

Breyting 8. gr. samkvæmt ofangreindu er í samræmi við IFRS alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Virðingarfyllst,


Arni Gunnarsson, formaður SAF


Grímur Sæmundsen, fulltrúi SAF í stjórn SA

Alþingi
Erindi nr. P 136/461
komudagur 12.12.2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

Frumvarp til laga

**um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006,
með síðari breytingum.**

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Samtök fjárfesta telja rétt og eðlilegt að fyrirtæki hafi möguleika á að hafa sitt reikningshald í þeirri mynt sem gefur skýrasta mynd af rekstri þeirra.
Samtökin leggja til að frumvarpið verði samþykkt.

Með vinsemd og virðingu,
Vilhjálmur Bjarnason
Framkvæðastjóri Samtaka fjárfesta

Efnahags- og skattanefnd Alþingis.

Alþingi
Erindi nr. P 136/434
komudagur 11.12.2008

Breyting á ársreikningalögum - heimild til færslu bókhalds og gerð ársreiknings í erlendum gjaldmiðli

SFF gera ekki athugasemdir við frv. til l. um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum, 212. mál.

Kveðja,

Jóna Björk Guðnadóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/440
komudagur. 11.12.2008

12.12.2008

Efnahags- og skattanefnd

Umsögn v. frv. til breytinga á lögum um ársreikninga, 212. mál

Samtök iðnaðarins taka að öllu leyti undir þær athugasemdir er fram kom í umsögn SA, LÍÚ og SF, dags. 11.12.2008.

SAMTÖK IÐNAÐARINS
Sigurður B. Halldórsson, hrl.



Alþingi
Erindi nr. P 136/416
komudagur 11.12.2008

11. desember 2008
SI-46466

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. desember 2008 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum, 212. mál.

Breytingin lýtur að því að heimila fyrirtækjum að sækja afturvirkir um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Heimildin varir til 15. desember 2008 og tekur til ársins 2008 og ennfremur 2009.

Samkvæmt gildandi reglum verða fyrirtæki að sækja um þessa heimild tveimur mánuðum fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs. Þannig hefði það fyrirtæki sem vildi beita erlendum gjaldmiðlum við gerð reikningsskila þurft að sækja um heimildina fyrir árið 2008 eigi síðar en 1. nóvember 2007. Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem nú ríkja þótti rétt að veita þessa heimild.

Í engu er breytt skilyrðum sem uppfylla þarf til að mega beita heimildinni, sbr. ákvæði 8. gr. laganna en þær eru að flestu reistar á fyrirmælum alþjóðlega reikningsskilaráðsins um það efni.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 136/438
komudagur 11. 12. 2008

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 11. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum (212. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að frestum til umsóknar um heimildar til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðlum vegna reikningsáranna 2008 og 2009 er breytt.

Viðskiptaráð fagnar frumvarpi þessu enda hefur ráðið lengi barist fyrir því að fyrirtækjum séu veittar rýmri heimildir til að ákvarða bókhald sitt og ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum, sbr. skýrsla ráðsins 90 tillögur að bættri samkeppnishæfni sem gefin var út í september á síðasta ári og sbr. skoðun ráðsins Uppgjör í erlendum gjaldmiðlum – eðlileg afleiðing alþjóðavæðingar frá 6. mars síðastliðnum.

Það hlýtur að eiga að vera á forræði fyrirtækjanna sjálfra að ákveða hvaða starfrækslumynt hentar rekstri þeirra. Það liggur í augum uppi að fyrirtæki sem eru alfarið með tekjur í íslenskum krónum munu ekki færa uppgjör sitt í annarri mynt enda myndi slík ráðstöfun ávallt koma niður á rekstri þeirra. Forræðishyggja á þessu sviði er því óþörf, en því miður er frumvarpi þessu ekki ætlað að gera leiðréttingar þar á.

Þrátt fyrir að frumvarpið feli í sér framlengdan umsóknarfrest, sem er afar þarft við núverandi aðstæður, þannig að fyrirtæki geti sótt um heimild til uppgjors í erlendum gjaldmiðli til Ársreikningaskrár til 15. desember annars vegar vegna reikningsársins 1. jan - 31. des '08 og hins vegar vegna reikningsársins 1. jan - 31. des '09, þá er forsenda þeirrar heimildar enn að skilyrði 8. gr. laganna sé uppfyllt. Hingað til hefur ársreikningaskrá túlkað skilyrði þessi afar þröngt, sem gefur ekki tilefni til að ætla að frumvarp þetta muni ná þeim tilgangi sínum að koma til móts við þarfir viðskiptalífsins um þessar mundir. Vegna þessa er afar brýnt að skilyrði þessi verði rýmkuð þannig að möguleikar fyrirtækja til uppgjors í erlendum gjaldmiðlum verði auknir umtalsvert. Enn fremur er mikilvægt að umsóknarfresturinn verði lengdur enn frekar þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að frumvarpið verði að lögum fyrr en á morgun og þá hafa fyrirtæki í raun einungis tvo daga til að undirbúa umsókn. Frestinn þarf að framlengja til a.m.k. 19. desember.

Að auki er rétt að lögsetja hámarksfrest sem Ársreikningaskrá hefur til að afgreiða umsóknir af þessu tagi. Talsvert hefur borið á því að afgreiðsla umsókna taki lengri tíma en ætla mátti að þörf væri á til að ganga úr skugga um réttmæti þeirra.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga, en leggur til að heimildir til færslu bókhalds og samningu ársreikninga verði rýmkaðar umtalsvert og að umsóknarfresturinn verði framiengdur til 19. desember hið minnsta sem og að lögbundinn verði hámarksfrestur sem Ársreikningaskrá hefur til að afgreiða umsóknir fyrirtækja.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs